

**Nd. 622. Breytingartillögur [18. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður svohljóðandi:  
Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 114. gr.“ í c-lið komi: skv. ákvæðum 4. tölul. 3. mgr. 113. gr.
2. Á eftir 7. gr. komi ný gr. (verði 8. gr.) er orðist svo:  
Í stað „113. og 114. gr.“ í 1. másl. 2. mgr. 27. gr. laganna komi: 112. og 113. gr.
3. Á eftir 8. gr. komi ný gr. (verði 10. gr.) og orðist svo:  
Við 39. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:  
Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

4. Í stað 9. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
- a. (11. gr.) 40. gr. laganna orðist svo:  
 Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar.  
 Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum og þrem dögum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna eftir óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.  
 Breyting á auglýsingu ráðuneytisins skv. 1. mgr., eða viðauki við hana þangað til frestur skv. 2. mgr. er liðinn, skal jafnóðum tilkynnt landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.
- b. (12. gr.) 41. gr. laganna orðist svo:  
 Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka, sbr. 40. gr.  
 Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o.s.frv. eftir því sem við á.
- c. (13. gr.) 42. gr. laganna orðist svo:  
 Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.  
 Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttari röð. Auglýsingu skv. þessari mgr. skal birta eigi síðar en þrem vikum fyrir kjördag.  
 Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.
5. Við 10. gr. (verði 14. gr.) B-liður orðist svo:  
 Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: átta vikum.
6. Á eftir 12. gr. komi ný gr. (verði 17. gr.) er orðist svo:  
 57. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1981, orðist svo:  
 Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram skal kjördagur vera hinn sami um land allt, annar laugardagur í maímánuði.  
 Allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.  
 Kjörtímabilið er fjögur ár.
7. Á eftir 14. gr. komi ný gr. (verði 20. gr.) er orðist svo:  
 3. mgr. 63. gr. laganna, sbr. l. nr. 15/1974, orðist svo:  
 Kjörstjóri skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið

fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og skv. nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þrem vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjöræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

8. 15. gr. (verði 21. gr.) orðist svo:

Fyrri mgr. 64. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

9. Við 16. gr. (verði 22. gr.). 1. efnismgr. orðist svo:

Áður en kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, fær afhent kjörgögn skal hann, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og nafnnúmer.

10. Á eftir 16. gr. komi ný gr. (verði 23. gr.) er orðist svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrá þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Þeir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

11. Á eftir 22. gr. komi ný gr. (verði 30. gr.) er orðist svo:

104. gr. laganna orðist svo:

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71. gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

12. Í stað 25. og 26. gr. komi fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (33. gr.) 111. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

#### *Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.*

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu ef því er að skipta.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi  $\frac{3}{4}$  af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur  $\frac{2}{3}$  kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

b. (34. gr.) 112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

*Skipting óráðstafaðra þingsæta.*

Þeim þingsætum skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað, skal skipt milli landsframboða eftir ákvæðum þessarar greinar. Við þá úthlutun koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

c. (35. gr.) 113. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

*Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.*

*Listar sem til álita koma.* Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

*Ákvörðun kjördæmistölu.* Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádrögnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
- b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
- c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
- d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-liðum, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

*Áfangar við úthlutun þingsæta.* Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni áður en úthlutað er skv. næsta áfanga:

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur  $\frac{4}{5}$  af kjördæmistölu eða meira.

2. *áfangi*: Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó því aðeins úthluta lista þingsæti að hann hafi fengið 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi*: Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
4. *áfangi*: Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. staflíðum a–e:
  - a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárrí hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
  - b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
  - c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
  - d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
  - e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.
- d. (36. gr.) 114. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:
 

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 113. gr. og skal þá taka úthlutun skv. henni, svo og 112. gr., til baka. Ljúka skal úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1.–2. tölul. 111. gr. og beita síðan ákvæðum 112.–113. gr. á ný, svo oft sem þarf til að ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

Ef tvær eða fleiri atkvæðatölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.
13. Á eftir 26. gr. komi ný gr. (verði 37. gr.) er orðist svo:
 

116. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varapingmönnum kjörbréf, samið skv. fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.
14. Á eftir 28. gr. komi ný gr. (verði 40. gr.) er orðist svo:
 

Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr.“ í 119. gr. laganna komi: skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr.
15. Á eftir 32. gr. komi ný gr. (verði 45. gr.) er orðist svo:
 

1. mgr. 130. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.